

Minnisblað

- Viðtakandi:** Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
- Sendandi:** Forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti
- Dagsetning:** 8. maí 2019
- Efni:** Viðbrögð við athugasemdum og breytingartillögum við frumvörp til laga um Seðlabanka Íslands og breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust níu umsagnir vegna frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands og frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Ásgeiri Brynjari Torfasyni, Fjármálaeftirlitinu, Hagstofu Íslands, Kauphöll Íslands hf., Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði. Umsagnirnar vörðuðu bæði frumvörpin. Í minnisblaði þessu hafa forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti tekið saman athugasemdir við frumvörpin sem settar eru fram í umsögnunum ásamt viðbrögðum beggja ráðuneytanna við þeim.

Almennar athugasemdir

Starfsemi sem verður sameinuð

Í umsögn Kauphallarinnar segir að ekki sé talið æskilegt að Fjármálaeftirlitið í heild verði sameinað Seðlabankanum. Kauphöllin leggst gegn því að eftirlit með hegðun á fjármálamarkaði verði fært undir Seðlabankann og telur að það geti leitt til hagsmunaárekstra og takmarkaðrar valddreifingar. Til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum leggur Kauphöllin til að varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits heyri beint undir bankaráð en ekki undir valdsvið seðlabankastjóra þegar kemur að málefnum fjármálaeftirlits. Kauphöllin telur auk þess til bóta ef verkefni Lánamála yrðu færð úr Seðlabankanum. Í umsögn Viðskiptaráðs kemur fram að ráðið sé fylgjandi sameiningu SÍ og FME að minnsta kosti hvað varðar þætti sem snúa að fjármálastöðugleika.

Framangreind sjónarmið hafa áður komið fram og voru ítarlega rædd við vinnslu frumvarpanna. Telja ráðuneytin það skipulag Seðlabankans sem lagt er til í frumvörpunum til þess fallið að takmarka hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja valddreifingu innan hinnar sameinuðu stofnunar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands er viðskiptaháttaeftirlit samofið annarri eftirlitsstarfsemi Fjármálaeftirlitsins og er viðskiptaháttaeftirlit ekki sérstaklega aðgreint öðrum eftirlitsþáttum. Varúðareftirlit með viðskiptabönkunum felur í sér heildstætt mat á áhættuþáttum sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um eiginfjár- og lausafjárkröfur. Þar á meðal er mat á áhættu tengdri viðskiptaáhættu og fylgni við reglur (e. conduct risk). Það væri því mjög flókin aðgerð að skipta eftirliti upp í fjármálaeftirlit og eftirlit með hegðun á fjármálamarkaði, enda er erfitt að henda reiður á því hvaða starfsemi Fjármálaeftirlitsins tengist ekki samtímis varúðareftirliti og viðskiptaháttaeftirliti á einhvern hátt. Telja ráðuneytin nauðsynlegt að í svo litlu landi séu samlegðaráhrif varúðareftirlits og viðskiptaháttaeftirlits nýtt eins og gert hefur verið hér á landi.

Varðandi tillögu Kauphallarinnar um að varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits heyri beint undir bankaráð er bent á að tillagan samræmist engan vegin stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands. Eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins er Seðlabankinn sjálfstæð ríkisstofnun. Bankaráð fer ekki með eiginlega yfirstjórn bankans, heldur eru verkefni bankaráðs tæmandi talin í frumvarpinu. Eru yfirstjórnarheimildir yfir embættismönnum Seðlabankans ekki meðal þeirra verkefna sem bankaráðinu eru falin. Þá hefði það fyrirkomulag sem Kauphöllin leggur til í för með sér að seðlabankastjóri hefði enga aðkomu að ákvarðanatöku um málefni fjármálamarkaða og fer það gegn meginreglunni um að vald til ákvarðanatöku og ábyrgð skuli fara saman.

Varðandi ábendingu Kauphallarinnar um að til bóta væri ef verkefni Lánamála ríkisins yrðu færð úr Seðlabankanum er rétt að benda á að nú stendur yfir heildarskoðun á lánamálum ríkisins hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Orðalag og framsetning

Seðlabankinn leggur í sinni umsögn til breytingar á orðalagi og framsetningu frumvarpanna. Annars vegar leggur Seðlabankinn til að í texta frumvarpsins verði vísað beint til þess að verkefni heyri undir fjármálaeftirlitsnefnd í stað þess að vísað sé til Fjármálaeftirlitsins. Verði ekki fallist á þessa breytingartillögu telur Seðlabankinn æskilegt að lagaákvæði er varða skipulag sameinaðrar stofnunar verði dregin saman í sameiningarsafnlögum. Þannig verði annars vegar bætt við texta um að framkvæmd laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sé í höndum Seðlabanka Íslands, og hins vegar að þar sem lög eða stjórnvaldsfyrirmæli vísi til Fjármálaeftirlitsins sé átt við Seðlabanka Íslands.

Ráðuneytin telja þessar breytingar óþarfar, enda eru ákvæði frumvarpanna mjög skýr um það að Fjármálaeftirlitið sameinist Seðlabanka Íslands og starfi ekki sem sjálfstæð stofnun eftir gildistöku laganna, verði frumvarpið samþykkt. Þá er einnig mjög skýrt af frumvörpunum að fjármálaeftirlitsnefnd fer með ákvarðanir í þeim málum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að taka í lögum. Því telja ráðuneytin ekki ástæðu til að gera breytingar á frumvörpunum í samræmi við framangreinda tillögu Seðlabankans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps um Seðlabanka Íslands

Markmið og verkefni, 2. gr.

a) *Ásgeir Brynjar Torfason gerir í umsögn sinni tillögu um að bæta við nýju markmiði í 2. gr. frumvarps laganna varðandi atvinnustig. Hann nefnir einnig að mögulegt væri að bæta við fjórðu nefndinni vegna þessa markmiðs.*

Ráðuneytin leggja til að markmiðsákvæðum frumvarpsins verði ekki breytt, enda gæti nýtt markmið sem unnið væri að með sömu tækjum og tryggja eiga verðstöðugleika leitt til þess að hvorugu markmiðanna yrði náð.

Peningastefna getur haft áhrif á nafnstærðir eins og verðlag til bæði skamms og langs tíma en á raunstærðir eins og atvinnu til langs tíma. Seðlabankar hafa almennt brugðist eins við lítilli eftirspurn og verðbólgu undanfarin ár hvort sem þeir eru með viðbótarmarkmið um atvinnu eða ekki þar sem almennt er talið að það fari yfirleitt saman að tryggja verðstöðugleika og stöðuga atvinnu. Þeir hafa

lækkað vexti og haldið þeim sögulega lágum til að örva eftirspurn og koma verðbólgu aftur upp í markmið.

Mikilvægt er að hafa í huga að traust kjölfesta verðbólguvæntinga og trúverðugleiki verðstöðugleikamarkmiðsins er forsenda þess að seðlabanki geti beitt peningastefnunni til að jafna sveiflur í atvinnu. Góður árangur við að tryggja verðstöðugleika síðustu áratugi hefur víða gert seðlabönkum kleift að ganga lengra við að beita peningastefnunni til að styðja við eftirspurn undanfarin ár en áður hefur þekkt. Þetta á síður við hér á landi þar sem peningastefnan glímir enn við trúverðugleikavanda eftir áratugi mikillar og sveiflukenndrar verðbólgu, þótt mikill árangur hafi náðst frá því að peningastefnunni var breytt snemma árs 2009.

Hætt er við því að aukin áhersla á atvinnu á kostnað verðstöðugleika yrði til að grafa undan þeim árangri. Niðurstaðan yrði auknar hagsveiflur og til lengdar eingöngu meiri verðbólga án þess að skila aukinni atvinnu eða hagvexti. Viðbótarmarkmið um atvinnu gæti því grafið undan brothættum trúverðugleika verðstöðugleikamarkmiðs Seðlabankans.

Einnig má benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í lögum verði áfram ákvæði um að bankanum sé ætlað að stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum að því marki sem það gengur ekki gegn öðrum markmiðum bankans.

b) Viðskiptaráð kallar eftir skýringum á því af hverju heimild Seðlabankans til að lýsa yfir markmiði um gengi íslensku krónunnar hefur verið færð í 2. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um meginmarkmið Seðlabankans.

Ráðuneytin benda á að ekki er um efnisbreytingu að ræða. Ákvæði það sem er í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er sambærilegt 2. mgr. 18. gr. gildandi laga og ástæða þess að það var flutt í markmiðsákvæði frumvarpsins sú að eðlilegt þótti að safna öllum ákvæðum um markmið saman í eina grein. Ráðuneytin gera ekki athugasemd við það að ákvæðið verði fært aftur í það horf sem það er í núgildandi lögum ef talið er að það fari betur á því. .

c) Ásgeir Brynjar telur að hugtakanotkun í greininni sé óljós þegar vísað sé til traustrar og öruggrar starfsemi.

Ráðuneytin telja orðanotkunina gagnsæja og endurspeglar t.d. orðanotkun í ensku (e. sound and safe).

Ákvarðanir um stjórnþæki, 3. gr.

Kauphöllin, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð leggja til að ákvarðanir um bindingu vegna nýs innstreymis fjármagns verði færðar undir fjármálastöðugleikanefnd þar sem um þjóðhagsvarúðartæki er að ræða. SA og Viðskiptaráð leggur til að þessi breyting verði gerð þegar endurskoðun reglna um fjárstreymistækið hefur farið fram.

Ekki er talið ráðlegt að svo stöddu að gera breytingar varðandi fjárstreymistækið. Ráðuneytin telja heppilegra að fyrirkomulag fjárstreymistækisins verði ákveðið í tengslum við þá endurskoðun á lögum um gjaldeyrismál sem stendur fyrir dyrum.

Skipun og hæfi, 4. gr.

Seðlabankinn leggur til að skipunartími seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra verði lengdur úr fimm árum í sex eða sjö ár. Seðlabankinn bendir í þessu samhengi á reglur í öðrum lögum.

Ráðuneytin telja ekki ástæðu til að gera breytingar á skipunartíma seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Skipunartíminn er óbreyttur frá núgildandi lögum en með breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands árið 2009 var skipunartíminn stytur úr sjö árum í fimm ár. Sú breyting var gerð í þinglegri meðferð málsins með það að markmiði að samræmi væri á milli skipunartíma embættismanna innan Seðlabanka og skipunartíma annarra embættismanna ríkisins.

Fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd, 12.-16. gr.

Í umsögn Seðlabankans er að finna hugleiðingar um verkaskiptingu milli fjármálastöðugleikanefndar og fjármálaeftirlitsnefndar og ábendingar um að nauðsynlegt sé að sú verkaskipting stuðli að því að nýta nánd eindar- og þjóðhagsvarúðar á sama tíma og mögulegir árekstrar á milli ólíkra stefnumiða eru takmarkaðir. Bankinn leggur til að bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt verði fyrir um að farið verði yfir reynslu af þeirri verkaskiptingu sem lögð er til í frumvarpinu innan tveggja ára. Samtök atvinnulífsins nefna einnig í sinni umsögn að þau telji að öll stjórnþæki þjóðhags- og eindarvarúðar eigi að vera í höndum fjármálastöðugleikanefndar.

Ráðuneytin benda á að mikið var rætt um framangreint atriði bæði í verkefnastjórn og í ráðherranefnd um efnahagsmál. Seðlabankinn bendir í umsögn sinni á atriði sem gera sameiningu mikilvæga vegna aukinnar skilvirkni og samlegðar en dregur einnig fram mikilvægi skýrrar stjórnskipunar og skiptingu verkefna milli nefnda. Ákvæði frumvarpsins, óbreytt með tilliti til verkefnaskiptingar, ná þessum markmiðum að mati ráðuneytanna og eru niðurstaða skoðunar á því hvernig sé best að haga ákvarðanatöku innan Seðlabankans með tilliti til ábyrgðar, valddreifingar og þekkingar. Ein ástæða þess að ráðuneytin telja breytingu óheppilega er að mjög erfitt gæti reynst að afmarka með skýrum hætti þær ákvarðanir og/eða reglusetningu sem Seðlabankinn nefnir að færa mætti til fjármálastöðugleikanefndar og gætu slíkar breytingar því leitt til óvissu við framkvæmd laganna.

Ráðuneytin taka undir að ákveðinn munur er milli nefndanna á heppilegri þekkingu nefndarmanna vegna eðlismunar á verkefnum nefndanna tveggja sem felst m.a. í að fjármálastöðugleikanefnd er ekki ætlað að taka neinar stjórnvaldsákvarðanir. Öðru máli gegnir um fjármálaeftirlitsnefnd því undir verkvið hennar falla mjög fjölbreytt stjórnvæðiverkefni, m.a. fjöldi mismunandi stjórnvaldsákvarðana. Það er því meiri nauðsyn á sterkri lögfræðipekkingu í fjármálaeftirlitsnefnd en æskilegt er að hún sé líka til staðar í fjármálastöðugleikanefnd. Verði ákvarðanir hins vegar fluttar til verður breyting á þessari skiptingu.

Ljóst er að ef frumvarpið verður samþykkt er mikil vinna fyrir höndum að skipuleggja starf sameinaðrar stofnunar og liggur fyrir að þegar reynsla er komin á starfsemina þarf að meta hvernig til hefur tekist, m.a. varðandi verkefni nefndanna þriggja, sér í lagi er reynsla af starfi tveggja nýrra nefnda Seðlabankans lykilatriði í því mati. Slíkt mat á verkefnum og vinnu nefndanna gæti verið lagt fram í skýrslu til ráðherra og ráðherra sem fer með málefni fjármálaeftirlits og fjármálastöðugleika innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

Birting fundargerða og birting efnis funda fjármálastöðugleikanefndar, 14. gr.

Seðlabankinn leggur til breytingar við 2. mgr. 14. gr. um birtingu á fundargerðum og efni funda fjármálastöðugleikanefndar. Seðlabankinn bendir á að nefndin mun fjalla um málefni einstakra aðila sem ekki ætti að vera skylda að birta opinberlega. Einungis skuli fjallað um birtingu ákvarðana um beitingu þjóðhagsvarúðartækja og mat á horfum. Einnig kunnir áskilnaður um birtingu þessara upplýsinga innan ákveðins tímafrests að valda óróleika á mörkuðum ef nefndin birtir ekki upplýsingarnar innan tilsettra tímamarka, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Seðlabankanum sé heimilt að birta ekki fundargerðir eða meginefni funda nefndarinnar ef talið er að slík birting gæti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika. Seðlabankinn leggur til að greinin orðist svo: „Opinberlega skal birta ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar um beitingu stjórntækja á sviði fjármálastöðugleika og gera grein fyrir forsendum þeirra og mati á ástandi, ásamt fundargerðum þess efnis, nema ef ætla má að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.“

Ráðuneytin leggja til að fallist verði á breytingartillögu Seðlabankans með tilliti til þeirra röksemda sem fram koma í umsögn bankans.

Skýrsla fjármálastöðugleikanefndar til Alþingis, 14. gr.

Seðlabankinn leggur til viðbót við 14. gr. um að fjármálastöðugleikanefnd skuli skila reglulega skýrslu til Alþingis um störf sín og funda með þingnefnd líkt og peningastefnufnd. Kveðið verði á um slíkt á sambærilegan hátt og í 11. gr. frumvarpsins.

Ráðuneytin leggjast ekki gegn því að slíku ákvæði verði bætt við greinina. Rétt er þó að minna á að í 34. gr. frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands segir að Seðlabankinn skuli gera skýrslur, m.a. um fjármálastöðugleika. Auk þess skal bankinn gefa út ársskýrslu þar sem honum ber að gera ítarlega grein fyrir starfsemi sinni. Þá er fjármálastöðugleikaráði falið hlutverk við að meta árangurinn af beitingu þjóðhagsvarúðartækja og þær greiningar munu verða gerðar opinberar á vettvangi ráðsins. Þá mun þingið geta kallað bankann til sín til þess að ræða þessi mál ef þurfa þykir.

Gjaldeyrisviðskipti, 27. gr.

Seðlabankinn leggur til að 2. mgr. 27. gr. verði skipt í tvær málsgreinar.

Ráðuneytin gera ekki athugasemd við þessa breytingartillögu.

Önnur viðskipti Seðlabanka Íslands, 28. gr.

Viðskiptaráð gerir í umsögn sinni athugasemd við að ekki sé útilokað að Seðlabankinn stofni eða eigi aðild að félagi sem annist viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki, án þess að fara á svig við 28. gr. Því ætti að bæta ákvæði við 28. gr. frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands um að Seðlabankinn eigi ekki að vera í samkeppnisrekstri við einkaaðila nema brýn nauðsyn sé til. Einnig þurfi að skýra nánar fyrirvara sem settur er í 2. mgr. greinarinnar er varðar venju eða eðli máls.

Ráðuneytin telja athugasemdina ekki kalla á breytingar á frumvarpinu enda ákvæðið í samræmi við gildandi lög og kveðið á um að bankinn stundi einungis banka- og verðbréfaviðskipti sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka.

Hagrannsóknir, 35. gr.

Viðskiptaráð leggur í umsögn sinni til að mikilvægi fjármálastöðugleika og áhersla á að efla rannsóknir á sviði fjármálastöðugleika endurspeglist betur í frumvarpinu og leggur til að fyrsta málsgrein 35. gr. frumvarps til laga um Seðlabanka Íslands hljóði svo: „Seðlabanki Íslands stundar hagrannsóknir sem lúta að viðfangsefnum bankans á sviði peningamála, fjármálastöðugleika og fjármálakerfis.“

Ráðuneytin gera ekki athugasemd við tillöguna.

Gjaldskrá, 42. gr.

- a) *Samtök fjármálafyrirtækja gera athugasemd við að heimild Seðlabankans til að innheimta gjöld fyrir þjónustu sé of víðtæk eins og hún er orðuð í frumvarpinu þegar kemur að fjármálainnviðum þar sem skilgreina þurfi betur hvað átt er við með rekstri fjármálainnviða og hvaða þætti í rekstrinum geti heyrt undir gjaldskrá. SFF leggur til að orðin „rekstri fjármálainnviða“ verði felld brott og leggur SFF til að í stað þess verði sett setning: „árgjöld ásamt stofn- og tengigjöldum við stórgreiðslukerfi Seðlabanka“. Einnig telur SFF mikilvægt að kostnaður við þjónustu sem tekið er gjald fyrir verði greindur reglulega með gagnsæjum hætti og leggja til að kveðið verði á um reglubundna kostnaðargreiningu í 42. gr.*

Eftir samráð við Seðlabanka er ekki talin ástæða til breytinga vegna athugasemdanna. Ákvæðið er að mestu til samræmis við önnur gjaldskrárákvæði, í ákvæðinu kemur fram að gjaldtakan *skuli* miða við *kostnað* og Seðlabankinn gerir ráð fyrir að fylgja fordæmi annarra Seðlabanka sem nýta sambærileg kerfi um viðmið um kostnað af rekstri þeirra.

- b) *Seðlabankinn leggur til orðalagsbreytingar við greinina sem miða að því að auka skýrleika.*

Ráðuneytin leggja til að fallist verði á breytingarnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins

Kjarasamnings samband eftirlitsstarfsmanna, 14. gr.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að gengið er út frá því að það verði meginreglan að starfsmenn sameinaðrar stofnunar taki laun samkvæmt lögum nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. Með því verði samtök eftirlits skyldra aðila viðsemdur þessara ríkisstarfsmanna í kjarasamningum. Telur FME að það gæti haft áhrif á sjálfstæði stofnunarinnar/bankans gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

Ráðuneytin telja langsótt að þetta atriði geti ógnað sjálfstæði eftirlits með fjármálafyrirtækjum. Óljóst er hvernig þessi aðstaða gæti verið nýtt til að beita þrýstingi eða ýta undir hagsmunaárekstra.

Staðfesting ráðherra á beitingu þjóðhagsvarúðartækja, 58. og 61. gr.

Seðlabankinn, Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins gera í umsögnum sínum athugasemdir við breytt fyrirkomulag beitingar þjóðhagsvarúðartækja er varða heimildir til reglusetningar, annars vegar vegna útlána tengdum erlendum gjaldmiðlum til aðila sem ekki eru varðir fyrir gjaldeyrisáhættu og hins vegar vegna fasteignalána til neytenda, sbr. 58. og 61. gr. í frumvarpi til sameiningarsafnlaga. Samkvæmt núgildandi lögum er ýmist Seðlabankanum eða Fjármálaeftirlitinu heimilt að setja fyrrnefndar reglur, að fengnu áliti fjármálastöðugleikaráðs. Samkvæmt frumvarpi til sameiningarsafnlaga getur fjármálastöðugleikanefnd tekið ákvörðun um setningu þessara reglna að fenginni staðfestingu ráðherra.

Ráðuneytin vilja taka fram að nokkur sjónarmið voru ráðandi um þá tillögu frumvarpsins að áskilja samþykki ráðherra fyrir þeim reglum/tækjum sem um ræðir. Var þar meðal annars horft til þess að afar lítil reynsla væri enn sem komið er af beitingu tækjanna og því gæti verið gagnlegt að reglusetningin væri háð gagnrýni og samþykki fleiri aðila, að minnsta kosti til að byrja með á meðan nokkur reynsla er að komast á beitingu þeirra. Einungis eitt þessara tækja hefur þegar verið virkjað og var það gert af Fjármálaeftirlitinu eftir talsvert samráð á vettvangi kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs. Þá fela reglurnar einnig í reynd í sér ráðstöfun á takmörkuðum gæðum, þ.e. þær geta með beinum hætti takmarkað aðgengi almennings að lánsfé, sem eðlilegt getur talist að kjörnir fulltrúar hafi lokaorðið um.

Lög um fjármálafyrirtæki: Breyting á stjórnvaldsákvörðun í stjórnvaldsfyrirmæli

Samtök fjármálafyrirtækja gera athugasemd við breytingar sem fela í sér að ákvörðun um eiginfjárouka verður stjórnvaldsfyrirmæli en ekki stjórnvaldsákvörðun eins og í núgildandi lögum.

Vegna þessara atriða vilja ráðuneytin nefna að ákvörðun um eiginfjárouka telst til þjóðhagsvarúðarákvarðana, sem byggist á mati á kerfinu í heild en ekki mati á hverju fyrirtæki fyrir sig, nema að því leyti að mat er lagt á hvort einstakt fyrirtæki sé kerfislega mikilvægt. Tilgangur þeirra er þannig að bregðast við ákveðnum aðstæðum í fjármálakerfinu eða efnahagslífinu og eiga þeir því við um öll fjármálafyrirtæki, eða hóp þeirra, en er ekki beint að einstökum fyrirtækjum. Í eðli sínu eru þær því mun líkari stjórnvaldsfyrirmælum en stjórnvaldsákvörðunum og er það meginröksemdin fyrir breytingunni.

Málskotsnefnd

SFF leggur í umsögn sinni til að sett verði inn í frumvarpið ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið verður á um skipan starfshóps sem ætlað er að útfæra málskotsleiðir fyrir eftirlitsskylda aðila.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um Seðlabankann þá töldu ráðuneytin að heppilegra væri að ráðast í skoðun á þeim atriðum sem snúa að kæruleiðum innan stjórnsýslunnar þegar þinglegri meðferð frumvarpa um Seðlabankann og safnlaga vegna sameiningar Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins væri lokið. Ráðuneytin leggjast ekki gegn því að lagt verði til að skipaður verði starfshópur um málið en telur ekki nauðsynlegt að kveðið verði á um skipan hans í lögnum. Ráðuneytin vilja líka árétta það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um ýmsar breytingar á lögum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins að við undirbúning

slíkrar nefndar er nauðsynlegt er að afmarka með skýrum hætti hvert gildissvið úrskurðarvalds hennar ætti að vera. Ríkisstjórnin ákvað nýlega að fela Dr. Páli Hreinssyni að gera úttekt á starfsemi sjálfstæðra úrskurðarnefnda í stjórnslunni ásamt lögfræðingum í forsætisráðuneytinu. Áætlað er að úttektinni ljúka síðar á þessu ári. Ráðuneytin telja æskilegt að við mat á nauðsyn og fyrirkomulag sérstakrar málskotsnefndar vegna ákvarðana Seðlabankans verði tekið mið af niðurstöðum þeirrar vinnu.